

Taka skal veð í viðkomandi bifreiðum fyrir þeirri upphæð, sem greidd er með skuldabréfi. Veðskuldabréf þessi skulu afskrifuð með jöfnum mánaðarlegum upphæðum, þannig að veðskuldin sé að fullu fallin niður að þremur árum liðnum frá undirskrift bréfsins.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 35. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, tekur þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 280/1964, um gjald af fob.-verði bifreiða.

*Fjármálaráðuneytið, 2. júlí 1965.*

Magnús Jónsson.

*Sigtr. Klemenzson.*

## REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald lyfjabúða fyrir árið 1965.

## 1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum ber að greiða fyrir árið 1965, vegna eftirlits með lyfjabúðum samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30. 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

- I. flokkur: kr. 15.000.00.
- II. flokkur: — 12.000.00.
- III. flokkur: — 9.000.00.
- IV. flokkur: — 6.000.00.
- V. flokkur: — 3.000.00.

## 2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

- I. flokkur: Reykjavíkur apótek.
- II. flokkur: Apótek Austurbæjar,  
Holts apótek,  
Ingólfs apótek,  
Laugavegs apótek,  
Lyfjabúðin Iðunn,  
Stjörnu apótek.
- III. flokkur: Apótek Keflavíkur,  
Apótek Vestmannaeyja,  
Hafnarfjarðar apótek,  
Vesturbæjar apótek.
- IV. flokkur: Akranes apótek,  
Akureyrar apótek,  
Apótek Austurlands, Seyðisfirði,  
Garðs Apótek,  
Ísafjarðar apótek,  
Kópavogs apótek,  
Sauðárkróks apótek,  
Selfoss apótek.

V. flokkur: Apótek Neskaupstaðar,  
Borgarnes apótek,  
Dalvíkur apótek,  
Húsavíkur apótek,  
Laugarnes apótek,  
Siglufjarðar apótek,  
Stykkishólms apótek.

3. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins fyrir 1. október 1965.

Gjaldið er lögtakskræft.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsalalaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. júlí 1965.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

Nr. 141.

16. júlí 1965.

## AUGLÝSING

um umferð í Stöðvarfjarðarkauptúni.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, og eftir samþykkt hreppsnefndar Stöðvarhrepps, er eftirfarandi takmörkun sett um umferð um Stöðvarfjarðarkauptún:

Hámarkshraði um Stöðvarfjarðarkauptún skal vera 30 km á klst.  
Viðeigandi umferðarmerki hafa verið sett upp.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, Eskifirði, 16. júlí 1965.*

**Axel V. Tulinius.**

Nr. 142.

16. júlí 1965.

## AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðakauptúni.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, og eftir samþykkt hreppsnefndar Egilsstaðahrepps, er sett eftirfarandi takmörkun á umferð um Egilsstaðakauptún:

Einstefnuakstur er um götuna Laufás frá Selási að Skjólbrekku.  
Viðeigandi umferðarmerki verða sett upp við göturnar.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, Eskifirði, 16. júlí 1965.*

**Axel V. Tulinius.**